

**1989 nr. 14 7. mars****Lög um norrænan þróunarsjóð**

Tóku gildi 30. janúar 1989. *Breytt með l. 129/2004* (tóku gildi 31. des. 2005).

■ **1. gr.** Stofna skal norrænan þróunarsjóð samkvæmt samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns þróunarsjóðs sem undirritaður var í Stokkhólmi 3. nóvember 1988.

■ **2. gr.** Sjóðurinn skal undanþeginn ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála,<sup>1)</sup> svo og annarra laga er setja kunna hömlur á greiðslur í erlendum gjald-eyri eða gjaldeyrisviðskipti, að svo miklu leyti sem slík

ákvæði hindra eða torvelda starfsemi sjóðsins eða efndir skuldbindinga hans.

<sup>1)</sup> *Nú l. 87/1992.*

■ **3. gr.** Sjóðurinn skal vera undanþeginn aðstöðugjaldi, landsútsvari [og tekjuskatti],<sup>1)</sup> svo og öðrum gjöldum sem lögð kunna að vera á tekjur, eignir eða veltu til ríkis eða sveitarfélaga.

<sup>1)</sup> *L. 129/2004, 80. gr.*

■ **4. gr.** Lánssamningar, sem sjóðurinn er aðili að, skulu vera undanþegnir stimpilgjöldum og öðrum gjöldum hins opinbera.

■ **5. gr.** Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um norrænan þróunarsjóð.